

Ár 1973, mánudaginn 3. desember, var í máli nr. 22/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Á r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með matsgerðum millimatsmanna í Seltjarnarneshreppi, sem dagsettar eru 24. febrúar 1973, var tekið til endurmats landspilda úr Mýrarrúsalandi, sem í samræmi við skipulagsupphrátt af Seltjarnarnesi er í nefndum matsgerðum skipt í 7 hluta og þeir auðkenndir sem lóðir nr. 1 - 31 við Vesturströnd. Er hver hluti metinn sjálfstæðu mati svo sem hér segir:

Lóð nr. 1 - 7 við Vesturströnd, talin 2447 fer. og metin á kr. 489.000,-, lóð 9 - 13 við Vesturströnd, talin 2123 fer. og metin á kr. 424.000,-, lóð nr. 15-19 við Vesturströnd, talin 1938 fer. og metin á kr. 387.000,-, lóð nr. 21 - 25 við Vesturströnd, talin 1720 fer. og metin á kr. 344.000,-, lóð nr. 27 við Vesturströnd, talin 1129 fer. og metin á kr. 226.000,-, lóð nr. 29 við Vesturströnd, talin 883 fer. og metin á kr. 176.000,- og lóð nr. 31 við Vesturströnd, talin 999 fer. og metin á kr. 200.000,-.

Með bréfi, dags. 26. mars 1973, kærði Björn Ólafsson, hdl., f.h. landeigenda til Yfirfasteignamatnefndar ofangreint mat millimatsmanna og svo álagningu fasteignaskatts af hálfu hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps á grundvelli b-liðs 3. gr. laga nr. 9/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Kera endurmatsins er byggð á því, að endurmatið eigi sér ekki stöð í lögum og enn fremur er því haldið fram, að umrætt land sé ónýtanlegt. Er nánari rökstuðningur fyrir þessum sjónarmiðum í nefndu bréfi, og þar m.a. gerð grein fyrir ágreiningi landeigenda við fyrirsvarsmann hreppsins. Kera fasteignaskattsálagningarinnar er byggð á því, að hún eigi að fara fram á grundvelli a-liðs 3. gr. laga nr. 9/1972, en ekki b-liðs sömu lagagreinar, svo sem raunin hafi verið.

Því til stuðnings bendir kærandi á, að lóðirnar séu hluti af jarðeign, að þær séu samkvæmt skipulagi eingöngu ætlaðar undir íbúðarhúsum og að allar aðrar óbyggðar íbúðarhúsalóðir í hreppnum hafi verið skattlagðar samkvæmt a-lið 3. gr.

Líta verður svo á, að lagaskilyrði hafi verið fyrir honði til endurmats á ofangreindu landi, sér. 2. tl. 21. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu. Með hliðsjón af fyrirhugaðri nýtingu landsins samkvæmt skipulagi og öðrum gögnum, sem fyrir liggja, er ekki unnt að fallast á, að fasteignamatsverð landsins hafi verið of hátt ákveðið í endurmati millimatsmanna.

Þar sem unnt er hvorki nýtt í þögu landbúnaðar né
höfuð iðudarhúsa verisð reist á því, þreatur heimild til að skatt-
leggja landið samkvæmt a-liða 3. gr. laga nr. 3/1972, sbr. 2. gr.
reglugerðar nr. 320/1972. Þar því að leggja fasteignaskatt á
landið á grundvelli b-liða 3. gr. laga nr. 3/1972, sbr. 3. gr.
reglugerðar nr. 320/1972. Ekki er á valdi Yfirfasteignasatts-
nefndar að skera úr því, hvort ákvörðun um álagningu fasteigna-
skatta kunni að vera ógild af einhverjum þeim ástæðum sökum,
sem kærandi tilgreinir.

Samkvæmt fransaðgögu verður unnt að kera ekki tekin til
græna.

Þ R E K U R Ð A R Ö R Ð :

Ófengreind kera er ekki tekin til græna.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pállni Jónsson